



**Sveitarstjórnarfundur 9-2023**  
**Teams 28. desember 2023 kl 13:00**

*Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson og Bjarney Jónsdóttir. Fundurinn var fjarfundur á Teams.*

*Erla setti fundinn og stjórnaði honum og Bjarney ritaði fundargerð.*

**1. Álagning útsvars - breyting**

*Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk*

*Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar.*

*Eftirfarandi tillaga lögð fram.*

*Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirbyggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, samþykkir sveitarstjórn Skagabyggðar að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.*

*Tillagan samþykkt samhljóða*

**2. Bréf**

**a. Styrkbeiðni Umf. Fram og Björgunarsveitin Strönd á Skagaströnd v/flugeldasýningu á gamlárskvöld.**

*Hafnað að styrkja flugeldasýningu en ákveðið að veita rekstrarstyrk að upphæð 50.000 kr.*

*Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt, og fundi slitið kl. 14:00*

\_\_\_\_\_  
Vignir Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Magnús Björnsson

\_\_\_\_\_  
Bjarney R Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Erla Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Kristján Steinar Kristjánsson